



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

11. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 var haldinn fimmtudaginn 14. nóvember 2024 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir voru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Kolbrúnar Haraldsdóttur. Auk þeirra mættu þau: Hannibal Kjartansson (HK), veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson (GKG), yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Í upphafi fundar leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun eignasjóðs, áhaldahúss og leiguíbúða 2025.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun eignasjóðs, áhaldahúss og leiguíbúða fyrir árið 2025.
Fjárhagsáætlunin gerir ekki athugasemdir við áætlunina sem nú verður lögð fram í sveitarstjórn.

2. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2025.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Vatnsveitu Hrunamannahrepps árið 2025.
Fjárhagsáætlunin rædd ásamt þeim áformum sem framundan eru varðandi vatnstökusvæðið Blákvísl og lögn þaðan. Ljóst er að kostnaður verður umtalsverður en þarna er um að ræða afar öflugan vatnslind sem nýtast mun íbúum sveitarfélagsins um langa framtíð.
Nefndin gerir ekki athugasemd við áætlunina sem nú verður lögð fram í sveitarstjórn.

3. Gjaldskrá fráveitu 2025.

Lögð fram drög að gjaldskrá Fráveitu Hrunamannahrepps árið 2025.
Nefndin samþykkir þær breytingar sem gerð er tillaga um og vísar gjaldskránni til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

4. Fjárhagsáætlun Fráveitu Hrunamannahrepps 2025.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Fráveitu Hrunamannahrepps árið 2025.
Nefndin gerir ekki athugasemd við áætlunina sem nú verður lögð fram í sveitarstjórn.

DAS
JES
BV

5. Fjárhagsáætlun Hrunaljóss 2025.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Hrunaljóss árið 2025.

Nefndin gerir ekki athugasemd við áætlunina sem nú verður lögð fram í sveitarstjórn.

6. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2025.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða árið 2025.

Nefndin samþykkir áætlunina og vísar henni jafnframt til sveitarstjórnar.

7. Fjárfestingaráætlun fyrir A og B hluta vegna ársins 2025.

Lögð fram drög að fjárfestingaráætlun stofnana Hrunamannahrepps fyrir árið 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:59.



Bjárney Vignisdóttir, formaður




Jón Bjarnason



Evar Eyfjörð Sigurðsson



Daði Geir Samúelsson




Halldóra Hjörleifsdóttir



Hannibal Kjartansson



Gunnþór K. Guðfinnsson



Aldís Hafsteinsdóttir